

Vigfús Guðmundsson

Afh. ár Nr. Örk Frá ár Til ár Efnislýsing

- 2014 A / 1 1 1931 - 1957** Meðmælabréf til handa Vigfúsi Guðmundssyni frá dómsmálaráðherra til notkunar á ferðalögum erlendis, dags. 18/11, 1931.
- Meðmælabréf frá íslenska sendiráðinu í London, til notkunar á ferðalögum erlendis fyrir Vigfús Guðmundsson. Dags. 7/2, 1957.
- 2014 A / 1 2 -** Ættartala Vigfúsar Guðmundssonar í beinan karlegg til Þorsteins rauðs konungs á Skotlandi, Ólafssonar hvíta sækonungs.
- Annað blað með ættartölu V. G. með 8 forfeðrum í beinan karlegg.
- 2014 A / 1 3 1924 - 1924** Leikskrá fyrir „Nítjánhundruð og þrjátíu í Kíki " skopleikur (revue í 3 þáttum.
- Heiðursskjal: Hið íslenska garðyrkjufélag hefur kosið Vigfús Guðmundsson æfifélaga sinn, 17. des. 1924. Lög félagsins fylgja
- 2014 A / 1 4 1930 - 1950** Bók nr. 52 í innlánsdeild KB. Færslur 1937 - 1952, eigandi Vigfús Guðmundsson.
- Reikn. til V.G. frá skipadeild SÍS fyrir fargjald og fæði á m/s Hvassafelli frá Rvík til Ítalíu 31/3 - 11/4, 1950.
- Reikn. dags. 20/8, 1930 frá Halldóri Vilhjálmsyni, Hvanneyri fyrir 200 kg af skyri, til gestgjafa Vigfúsar G.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	5	1928 - 1929		<p>Bréfitari, Runólfur Sigurðsson, Edinburgh, dags.23/9, 1929 sendir V.G. greiðslu fyrir næturgistingu frá fyrra ári.</p> <p>Bréf til V.G. frá vini og frænda Thor Bjarnasyni, 69 ára Vestur - Íslendingi í Norður - Dakoda 7. okt. 1928. Meðal annars minnst á söfnun fyrir skóla í Reykholti. Bréfitari vill gera Reykholt að elliheimili fyrir aldraða fræðimenn.</p>
2014	A / 1	6	1927 - 1927		<p>Bréf frá Bjarna Ásgeirssyni, Rvík, 5/4, 1927 þar sem hann fullvissar V.G. um hollustu sína við Framsóknarflokkinn.</p> <p>Bréf frá Bjarna Ásgeirssyni staddur í Rvík í aðdraganda þingkosninganna 1927, til Vigfúsar Guðmundssonar.</p>
2014	A / 1	7		-	<p>Ódagsett bréf eða grein með fyrirsögninni „Hússjóðurinn“ um sjóð til byggingar samkomuhúss í Borgarnesi að frumkvæði ungmennafélagsins.</p>
2014	A / 1	8	1928 - 1928		<p>Bréf til V.G. dags.17/11, 1928, undirritað: Jónas Jónsson, S. Kristinsson og Tryggvi Þórhallsson f.h. Tímans. Farið er fram á fjárframlög til að rétta af hallarekstur Tímans.</p>
2014	A / 1	9	1930 - 1930		<p>Bréfitari 26/5, 1930 Rögnvaldur Pétursson skrifar Vigfúsi G. vegna hóps Vestur - Íslendinga, sem ætla að koma á Alþingishátíðina á Þingvöllum og vera í fæði hjá Vigfúsi.</p> <p>Svar V.G. 2/6 við bréfi Rögnvaldar P. 26/5, 1930.</p>

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	10	1930	1930	Bréf frá Kristínu Björnsdóttur, Rvík, 11/4, 1930, umsókn um starf við veitingasölu Vigfúsar G. á Alþingishátíðinni á Þingvöllum.
2014	A / 1	11	1931	1931	Bréf dags. 29/7, 1931 frá Gunnari Gunnarssyni, stöddum á Hótel Borg til V.G. vegna greiðasölu á Bjargi fyrir konu Gunnars.
2014	A / 1	12	1931	1931	Bréf dags. 29/7, 1931 frá Gunnari Gunnarssyni, stöddum á Hótel Borg til V.G. vegna greiðasölu á Bjargi fyrir konu Gunnars.
2014	A / 1	13	1940	1940	Bréf dags. 21/3, 1940 frá sýslum. Jóni Steingrímssyni, sem þakka bréf V.G. frá 6/3, þar sem þau hjón gefa 5000 kr til stofnunar sjóð í minningu dætra sinna.
2014	A / 1	14	1941	1941	Bréf dags. 27/11, 1941 í Stykkishólmi frá Elíasi Árnasyni, sem biður V.G. um 2000 kr lán til breytinga á húsnæði undir Hótel Þórsnes.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	15	1941	- 1941	Bréf dags. 20/12, 1941 frá Kr. Kristjánssyni Brekkugötu 4, Akureyri til Vigfúsar G. og þakkir fyrir málverk af Hreðavatnsskála.
2014	A / 1	16	1942	- 1942	Afrit af bréfi V.G. 31/1,1942 til Kristjáns Gestssonar Hreðavatni.
2014	A / 1	17	1931	- 1931	Bréf frá Kristni Stefánssyni Reykholti 2. ág. 1931 til V.G. vegna dótturmissis þeirra hjóna.
2014	A / 1	18	1941	- 1941	Bréf frá Jóhanni Möðruvöllum 8/1, 1941 til V.G. Jóhann harmar að V.G. hætti að ritstýra Dvöl og falast jafnframt eftir vinnu fyrir eyfirska stúlku Jónínu Hermannsdóttur í Hreðavatnsskála á komandi sumri.
2014	A / 1	19	1931	- 1931	Bréf til V.G. 4/7, 1931. Bréfitari biður V.G. að mæla með Kristni Stefánssyni við Friðrik Þorvaldsson í áhrifastöðu í Framsóknarflokki.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	20	1960	- 1960	Bréf til Elise í S - Afríku 14/11, 1960. S. I. sumar ferðaðist V.G. bæði til Grænlands og Rússlands. Bréfinu lýkur á þessari setn, (nema blöðin hafi verið fleiri, undirskrift vantar og þetta er vel að merkja afrit), en setningin er svona: Ánægjulegt ef hægt er að auka birtu í hugum samferðamannanna.
2014	A / 1	21		-	Elskulega æskuvina, afrit af bréfi til Elínar, sem V.G. skrifar á fullorðinsárum. Hann þakkar henni einlægt bréf og í svari sínu rekur hann sambönd sín við konur frá því hann kvænist þrítugur, seinna hjónabandi og börnum, en tvö missti hann ung, tvö komust til fullorðinsára.
2014	A / 1	22		-	Lýsing á bænum Eyri í Flókadal, sem er allnákvæm og endar á fagurri fjallasýn frá bænum. Teikning af bænum eftir V.G. hefur upphaflega fylgt þessari lýsingu.
2014	A / 1	23	1951	- 1951	Bréf skrifað 22/12, 1951 í Melbourne til Vigfúsar G. frá A. Lodewyck, sem Vigfús hyggst heimsækja í byrjun næsta árs.
2014	A / 1	24	1961	- 1961	Bréf V.G. dags. 23/7, 1961 til UMF Dagrenningar í Lundarreykjada á hálfri aldar afmæli félagsins. Hann sendir félaginu minningargjöf og hvetur það til að koma upp skógarlundi til minningar um sína fyrstu frumherja og lofar nokkrum plöntum.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	25	1960	1960	Útskrift úr Dóma og þingbók Mýra og Hnappadalssýslu 1853 - 1856, bls.28 - 30 vegna landamerkja jarðanna Borgar og Kárastaða, útskriftin gerð 11/4, 1960.
2014	A / 1	26	1927	1927	Úr Öræfi og Öræfingar 1. ágúst 1927. 1 bls. um nauðsyn búsetu upp til fjalla.
2014	A / 1	27	-	-	Vigfús Guðmundsson rekur lífshlaup sitt á litlu blaði í stórum dráttum. Endar á að segja: Skammaður mest allra alþýðumanna um fleiri áratugi í aðalmálgagni íhaldsins á Íslandi. Barnsárin, blað með upprifjun minninga V.G. frá fyrstu 10 æviárunum.
2014	A / 1	28	-	-	4 uppköst að „Kveðja við starfslok“ Vigfús Guðmundsson hættir rekstri Hreðavatnsskála.
2014	A / 1	29	-	-	„Lítil athugasemd“, sem V.G. gerir við skrif Mbl. um hann vegna greinar, sem V.G. skrifaði á næstliðnu sumri austur við Svartahaf og birtist í Tímanum.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	30	-	-	„Eftirherma“, athugasemd V.G. vegna greinar í sunnudagsblaði Tímans eftir K.B. sem þykir mjög lík skrifum V.G. í ferðabók hans frá Suður Ameríku.
2014	A / 1	31	1957 - 1957	-	Afrit af bréfi Vigfúsar 8/5, 1957 til íslenska konsúlsins í Buenos Aires. V.G. biður hann um ýmsar upplýsingar og myndir vegna samningar ferðabókar um S - Ameríku.
2014	A / 1	32	-	-	Blaðaúrklippa með grein eftir Vigfús G. rituð í Þjóðernisanda.
2014	A / 1	33	1964 - 1964	-	„Kæri samlandi“ V.G. skrifar til Vesturheims til að hafa upp á ljóðum Þorskabíts (Þorbjörn frá Barði), sem hann hefur í huga að safna saman og gefa út úrval úr. (Kom út 1964)
2014	A / 1	34	-	-	Ódags. tvær greinar um Borgarnes um sama efni. V.G. skrifar þetta í framhaldi af grein, sem birst hafði skömmu áður í Tímanum og fannst Vigfúsi henni í ýmsu áfátt. Hann bað um að f. að birta athugasemdir sínar í Tímanum, en fékk ekki inni með þær, en Frjáls þjóð tók að sér að birta þær.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	35	-		Afrit bréfs sem Vigfús skrifar Ragnheiði Magnúsdóttur á Hvítárbakka. Vigfús sendir með bréfinu ávísun í byggingarsjóð Bæjarkirkju. V. biður R. M. jafnframt um að senda sér mynd af Guðmundi eiginmanni hennar til notkunar í bók, sem er í smíðun
2014	A / 1	36	-		Athugasemdir V.G. vegna rits, sem kom út í tilefni af 50 ára afmælis UMSSB. Þar nefnir Vigfús aðkomu sína að stofnun og uppgangi ungmennafélaganna.
2014	A / 1	37	-		„Skólamál“ V.G. skrifar þessa punkta eftir að hafa hlustað á Jónas Jónsson frá Hriflu tala í útvarp um skólamál (niðurlag vantar) „Skólamál Borgfirðinga“ um undirbúning og fjáröflun til að koma á fót héraðsskóla í Reykholti er taki við af Hvítárbakkaskóla..
2014	A / 1	38	1965 - 1965		„Minningargjafir“ V.g. skrifar í Þýskalandi 1965. Hér hvetur V.G. t minningargjafa að fyrirmynd Vestur - Íslendinga til styrktar söfnunarsjóði kvenna í Borgarfirði, til byggingar elliheimilis í Borgarnesi. „Kæra Ingibjörg“ hjá Lögbergi Heimskringlu. V.G. segir frá fyrirhuguðu elliheimili í Borgarnesi og stingur upp á framlögum Vestur - Íslendinga.
2014	A / 1	39	1907 - 1907		1. og 2. síða Lögbirtingarblaðsins 16. nóv. 1907. Á annarri síðu er firmatilkynning frá skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um stofnun H/F Bifreiðastöðvar Mýrasýslu.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	40	-	-	2 eintök fundarboðs vegna stofnunar félagsskapar „Ræktun lýðs og lands“ til höfuðs fólksflóttu úr sveitum landsins.
2014	A / 1	41	-	-	Ódagsett grein V.G. um eignarlóðir, byggingar og þenslu byggða í Reykjavík.
2014	A / 1	42	1933 - 1933	-	Bréf og fylgibréf dags. 13. mars 1933 til hins háa Alþingis, með beiðni um 5000 kr styrk til Ferðaskrifstofu Íslands.
2014	A / 1	43	1932 - 1932	-	Grein V.G. „Erlendir ferðamenn til Íslands“ Vigfús fjallar um litla eða nánast enga kynningu á Íslandi erlendis. Skrifar um tekjur hinna Norðurlandanna af ferðaþjónustu, segir frá stofnun hans og Einars Magnússonar á Ferðaskrifstofu Íslands vorið 1932, árangurslausri umsókn um styrk til Alþingis til kynningarstarfssemi á landinu. V.G. hefur ennfremur ýmsar hugmyndir um hvernig auka má ferðamannastrauminn og sér fyrir sér að ferðamennska verði ein af stærstu atvinnugreinum hérlendis í framtíðinni.
2014	A / 1	44	1932 - 1946	-	Saga Hreðavatnsskála frá því hugmynd fæðist (1932) og vangaveltur um staðsetningu hans. Vigfús rekur sögu skálans á þessum síðum og síðan nýja skálans í landi Brekku frá júlíbyrjun 1946. Rekur samskipti sín við Hreðavatnsfjölskylduna og fleira fólk. Hann segir frá umsjón sinni með veiðinni í Norðurá ofan fossa í 10 ár frá 1936. Tvær svarthvítar myndir á A4 blaði af Hreðavatnsskála (þeim eldri), Hvassafell, Baula og Grábrók í baksýn. Selt öl og kaffi í Hreðavatnsskála sumarið 1941 og nokkur orð V.G. um veitingaskattinn.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	45	-	-	Blaðsíða með skrifum um hvað fólk gerði sér til skemmtunar og afþreyingar að Hreðavatnsskála.
2014	A / 1	46	1942 - 1945	-	Samningur milli Vigfúsar Guðmundssonar gestgjafa Hreðavatnsskála og Kristjáns Gestssonar til næstu þriggja ára eða til 1945 um áframhaldandi rekstur skálans. Loforð um að selja hann Kristjáni að þeim tíma loknum. Loforð um landspildu undir sumarbústað upp undir vatnslindinni. Samningur milli Vigfúsar Guðmundssonar og Þórðar Ólafssonar Brekku um leigu á landi til byggingar veitingahúss eða sumarbústaðar, dagsetningu vantar.
2014	A / 1	47	1943 - 1945	-	Afrit af samningi 9. febrúar 1943 milli Kristjáns Gestssonar og Vigfúsar. Vigfús fær leyfi til veitingareksturs og afnot af landi kringum Hreðavatnsskálann næstu 3 árin gegn 500 kr leigugjaldi Jafnframt fær Vigfús blett til langs tíma undir sumarbústað og m reka þar veitingastofu en ekki selja mat og gistingu. Leiga fyrir blettinn skal vera 50 kr á ári. Undirritaður nánast samhljóða samningur og að ofan greinir, dags. 9. feb. 1943 (á löggiltan skjalapappír)
2014	A / 1	48	1943 - 1946	-	Afsal dags. 10. maí 1946, Vigfús G. afsalar veitingaskála og danspalli í landi Hreðavatns til Magnúsar Kristjánssonar f. h. Hótel Hreðavatns (fyrir 20 þús kr.) Kristján Gestsson afsalar sér 10. maí 1946, kauprétti skv. samningi 9. feb. 1943 á eignum V.G. í Hreðavatnslandi.
2014	A / 1	49	-	-	„Athugasemdir“ (2 eint.) Vigfúsar Guðmundssonar v. mats og sölu á eignum hans á Hreðavatni. Vigfús telur matið of lágt og að ekki verði staðið við að rífa húsin, heldur verði þau leigð til veitingareksturs næsta sumar, en hann bauð sjálfur 1200 kr fyrir 3ja - 4ra mán. leigu.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	50	1946	1946	2 afrit af bréfum Vigfúsar í feb. 1946 til Kristjáns Gestssonar vegna veitingaskála Vigfúsar, sem stendur í landi Kristjáns og að ekki er um framlengingu á lóðarleigu að ræða. Bréf. dags. 28. jan. frá Kristjáni Gestssyni til V.G. Þar býður K.G. Vigfúsi að reka skálann til hausts og ítrekar „boð um blett undir sumarbústað þína lífstíð“.
2014	A / 1	51	-	-	Ódags. bréf með yfirskrift Hreðavatnsskáli. Gæti verið blaðagreir skrifuð eftir að Vigfús hefur opnað nýja skálann og Hótel Hreðavatn h.f. hafið rekstur í gamla skálanum.
2014	A / 1	52	1953	1956	2 kvittanir fyrir landleigu frá Þórði Ólafssyni Brekku, 1953 og 1954. Kvittun oddvita Norðurárdalshrepps til V.G. fyrir greiðslu útsvars 1956.
2014	A / 1	53	1941	1943	Bréf Vigfúsar G. 15. apríl 1941 til breska setuliðsins „Hirings Directorate“ Laugavegi 16, Rvík. Vigfús fer fram á 2000 kr bætur vegna landsspjalla og óþæginda í landi Bjargs í Borgarnesi. Bréf dags. 9. sept. 1943, frá leigumálaskrifstofu Bandaríkjahers til Vigfúsar G. vegna leigu á Bjargslandi.
2014	A / 1	54	1945	1945	Kaupsamningur undirrit. 26. maí 1945 milli Sölunefndar setuliðseigna og Vigfúsar Guðmundssonar gestgjafa, Hreðavatn Vigfús kaupir alla hermannaskála og skúra í Kárastaðalandi ásamt öllu því sem í þeim er á 45 þús. kr.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	55	1931 -	1931	Byggingar og landnámssjóður lánar Vigfúsi Guðmundssyni Borgarnesi 9000 kr til hýsingar á nýbýlinu Bjargi 18.nóv. 1931.
2014	A / 1	56	1935 -	1935	Leigusamningur um veiðirétt í Norðurá milli Hermanns Jónassonar, Vigfúsar Guðmundssonar og Gests Kristjánssonar, sem leigutakar og Kristjáns Gestssonar, Hreðavatni sem leigusali, dags. 5. ág. 1935 (annað óundirritað eintak fylgir). Leigusamningur um veiðirétt í Norðurá til 10 ára milli Hermanns Jónassonar, Vigfúsar Guðmundssonar og Gests Kristjánssonar sem leigutakar og Veiðifélags Norðurár sem leigusali, 5. ág. 1935 (óundirritað).
2014	A / 1	57	1924 -	1924	Bréf nýstofnaðs H.F. Verslunarfjelags Borgarfjarðar dags. 28. mars 1924 til Vigfúsar G., þar sem honum er tilkynnt um stofnun nýrrar verslunar í kjölfar gjaldþrots Jóns Björnssonar & Co og jafnframt farið fram á áframhaldandi viðskipti við V.G.
2014	A / 1	58	1920 -	1920	Sjálfskuldarábyrgð dags. 14. apríl 1920 fyrir 10 þús. króna láni frá Sparisjóði Mýrasýslu, sem Guðmundur Eggertsson bóndi á Eyri skrifar undir ásamt 6 öðrum bændum úr héraði. Skuldabréf, V.G. fær 5 þús. króna lán í S.M. 4.maí 1920 til eins árs gegn framangreindri sjálfskuldarábyrgð.
2014	A / 1	59	1927 -	1928	H/F Bifreiðastöð Mýrasýslu tók 2600 kr víxil 1. júlí 1927, víxillinn afsagður á gjalddaga 1.okt. 1927. Vigfús G. innleysir víxillinn 19. jan. 1928 með 1760.19 kr. Bréf frá PB & GB lögfræðingum 20. jan. 1928, sem þakka V.G. móttöku 1760.19 kr sem fulla greiðslu á víxli H/F Bifreiðastöðvar Mýrasýslu.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	60	-	-	„Menningin í Suður Ameríku“, erindi V.G. flutt í framhaldi af útvarpsþætti Sig. Magnússonar „Spurt og spjallað í útvarpssal“. Vigfús fjallar um menningu og áhrif erlendra auðmanna í Suður-Ameríkulöndunum.
2014	A / 1	61	1961 - 1961	-	Frásögn af ferðalagi Vigfúsar í Noregi frá Bergen og alveg norðu til Harstad fyrir norðan Bodö og Lofoten og svo til Tromsö (1961)
2014	A / 1	62	-	-	„Spitsbergen“ (16 síður) Vigfús ætlaði þangað 1961 en komst ekki þá. Þetta er frásögn af ferð hans til Svalbarða á gömlum breyttum selfangara, sigling um Norður-Íshafið og síðan ferðir hans nyrst í Noregi, Finnmörk, Lapplandi og að lokum suður Svíþjóð um borð í m/s Heklu í Gautaborg og heim.
2014	A / 1	63	-	-	Frá hnattferð V.G. : Eitt sumar á Nýja Sjálandi, þaðan til Sidney í Ástralíu, siglt þaðan um Indlandshaf til Ceylon í Asíu. Frásögn þessi fór í síðustu ferðabók V. G. Ein bls. samantekt um ferðir á suðurhveli jarðar.
2014	A / 1	64	-	-	Ferðaminningar frá Ástralíu og Spitsbergen, forspjall. Minnst á samskipti við útvarpsráð.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	65	-		Minnisblað V.G. um fugla í Ástralíu, hláturfugl og hörpufugl. Pistill um koalabjörn, sem V.G. fékk að afrita eftir Vilberg Júlíusson skólastjóra.
2014	A / 1	66	-		Útvarpserindi Vigfúsar G. um Suður-Afríku, Búa og Breta, samskipti þeirra, aðskilnaðarstefnuna og lýsingar á hörundsdökkum íbúum.
2014	A / 1	67	-		Erindi Vigfúsar Guðmundssonar um Suður-Afríku, landshætti, veðurfar, íbúa, og menningu. Stutt frásögn af Búastríðinu í lokin
2014	A / 1	68	1950 - 1950		Frásögn V.G. af ferð með Hvassafellinu suður Atlantshaf, framhjá Portugal og Vincenthöfða suður með vesturströnd Spánar, framhjá Gíbraltarhöfða um Njörvasund til Oran í Alsír. Lýsingar á staðháttum og fólki þar. Ferðin var farin 1950.
2014	A / 1	69	1915 - 1946		Eintak af blaði háskólastúdenta „Vér mótmælum allir“ 2. tbl. 16. april 1946. Fyrsta ársskýrsla Bandalags tóbaksbindindisfélaga Íslands, 1915-1946. Passamynd af óþekktum manni.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	70	-	-	„Öryggismál“ tillaga um að láta ekki af hendi til útlendinga neina stöðvar til yfirráða á Íslandi eða í landhelgi þess (í anda Einars Þveræings). Tillagan kom fram á aðalfundi miðstjórnar Framsóknarflokksins. V.G. skráði, dags. vantar.
2014	A / 1	71	-	-	„Sögulegur réttur“ V.G. skrifar um „sögulegan rétt“ sem Bretar tefldu fram á sjóréttarráðstefnunni í Sviss.
2014	A / 1	72	1958 -	1958	Svarbréf Vigfúsar G. 13. mars 1958 til ungs framsóknarmanns, sem vill breyta skemmtanafyrirkomulaginu meðal framsóknarmanna, en Vigfús hafði að sögn verið í forsvari fyrir a m.k. 100 skemmtunum.
2014	A / 1	73	-	-	„Afstaða V.G. til kommúnista“ en Vg. tekur afstöðu með þeim, sem vilja athuga kommúnistastefnuna og umgangast þá sem hana aðhyllast svipað og aðra menn, en forðast öfgar í báðar átti (14 síður). Annað uppkast að sömu grein, eina bls. vantar.
2014	A / 1	74	-	-	„Morgunblaðið“ grein sem V.G. skrifar um blaðið og stjórnendur þess þegar það er að verða 50 ára. Hann ritar undir hana gamall framsóknarmaður. „Eftirskrift“ V.G. biður Þjóðvilja - menn að birta greinina.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	75	-	-	„Kjördæmamálið“ (V.G. skrifar fyrir 1960) V.G. bendir á í umræðunni um jöfnun atkvæðavægis, að í USA hafi hvert hinna 49 ríkja 2 fulltrúa til þings óháð íbúafjölda. Hann tekur líka sem dæmi, að Íslendingar hafi atkvæðisrétt hjá Sameinuðu þjóðunum þrátt fyrir fámenni landsmanna.
2014	A / 1	76	1929 - 1929	-	Áskorun 11. feb.1929 á samherja (framsóknarmenn) um að láta „íhaldið“ einsamalt um atkvæðagreiðslu á fundi þeim er Stefán Björnsson boðar til 11. feb. Undirritað Vigfús Guðmundsson.
2014	A / 1	77	-	-	„Úr Borgarnesi er skrifað 14. júní“ V.G. kvartar undan því að andstæðingarnir, íhaldið brjóti 1. og 5. grein laga með því að láta fólk kjósa utan kjörfundar og það mæti svo á kjörstað á kjördegi.
2014	A / 1	78	-	-	„Ottesenarnir enn“ svar V.G. við grein Ingólfs læknis Gíslasonar Mbl. og vandar V.G. íhaldinu ekki kveðjurnar.
2014	A / 1	79	-	-	Miðstjórn Framsóknarflokksins á í viðræðum við tvo aðra flokka um myndun þingræðisstjórnar og hvetur til sátta milli blaðnefndar Tímans og Jónasar Jónssonar meðan á viðræðunum stendur.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	80	1930	1930	Vegna landskjörkosninga 15. júní 1930. 5 undirskriftarlistar til stuðnings lista framsóknarmanna, þar sem Jónas Jónsson er efstur á lista. Undirskriftirnar eru úr Mýra og Borgarfjarðarsýslu.
2014	A / 1	81	1931	1931	Umboð frá Bjarna Ásgeirssyni til Vigfúsar G. og Hervalds Björnssonar til að vera fyrir hans hönd við talningu atkvæða í Mýrasýslu eftir alþingiskosningarnar 12. júní 1931.
2014	A / 1	82	1941	1941	Vélritað uppkast: Það sem Framsóknarflokkurinn vill í 26 liðum (: eint.) Lög Framsóknarflokksins frá 15. mars 1941.
2014	A / 1	83	-	-	„Kveðja til Bjarna Benediktssonar“. V.G. skrifar í framhaldi af „Stak-steina“ skrifum Bjarna í Mbl. og fjallar um húsabrisk og gróðafé stórbraskara.
2014	A / 1	84	-	-	2 uppköst að grein með heitinu Okur og eyðsla og Eyðsla og okur, sem er trúlega seinna uppkastið. Vigfús gerir að umræðuefni dýrtíð og sparnað og vonast til að brátt muni rofa til með nýrri stjórn „eftir þá örfoka eyðimörk, sem aumasta stjórnir hefur leitt stjórn málin út í“ V.G. tekur mörg dæmi um okurverð hér á landi miðað við Bretland, hann er jafnframt hlynntur skyldusparnaði.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	85	-		Lausavísur eftir ýmsa á lausum blöðum í eigu V.G., frásögn af Eyjólfí ljóstolli.
2014	A / 1	86	-		10 lýðveldishátíðarkort teiknuð og gefin út af Stefáni Jónssyni í möppu. 7 óskrifuð póstkort með ljósmyndum. 1 póstkort maí 1928 frá Hervald. 7 jólakort frá ýmsum.
2014	A / 1	87	-		2 félagsskírteini í UMF Reykjavíkur og Skógræktarfélagi Íslands. Kvittun fyrir æfifélagsgjaldi í UMFR Skráningarskírteini í herb. 308 á Hótel Borg. 4 smáblöð með heimilisföngum.
2014	A / 1	88	1941 - 1941		Reksturskostnaður Tímans 1941. 2 kvittanir, fyrir greiðslu í húsbyggingarsjóð Framsóknarfl. og fyrir árgjaldi í Bókaútgáfu Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins
2014	A / 1	89	-		15 heillaóska símskeyti til Vigfúsar Guðmundssonar 25/2 á 75 ára afmæli hans.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 1	90	1947	1947	Forsíða af Dagbladet útg. 8.mars 1947 í Svíþjóð. Úrklippa úr Tímanum 16. apríl 1947 með grein eftir V.G. - Stokkhólmsbréf. Úrklippa úr Tímanum 3. apríl 1947, fyrirsögnin er 120 - 130 jarðir verða fyrir skemmdum af völdum gossins (úr Heklu)
2014	A / 1	91	1947	1947	Úrklippa úr Tímanum 13. nóv. 1947. Frásögn V.G. af lífi Færeyinga, fyrirsögnin er Færeyingar eiga tugmiljónir inneigna erlendis. Úrklippa úr Tímanum 26. mars 1947, V. G. skrifar „Bréf frá Swiss'
2014	A / 1	92	1948	1950	Úrklippa úr Tímanum, V.G. skrifar um „sukk “ Nýsköpunarstjórnarinnar og tiltekur þar tvö dæmi, Gimli í Reykjavík og Fornahvamm í Norðurárdal. 1948. Úrkl. úr Tímanum 28. feb. 1950. Frásögn af veglegu afmælishófi \ G. á Hótel Skjaldbreið.
2014	A / 2	1	1920	1959	Sölubók fyrir Hreðavatnsskála í Norðurárdal. Innsigluð 4/6, 1952. Nær til 26/10, 1957. Stílabók, lítt skrifuð; Veitingar 1940. Hreðavatnsskáli, BÍF - YMCA, farfuglasamtök, skráning gesta í júní 1956 til ág. 1959. Gestabók, Hótel Borgarnes 1920 - 1922. Gerðabók Borgarnesdeildar KB, fundargjörðir 1920 - 1923.
2014	A / 3	1	-	-	Myndarammi úr svörtu flaueli, baldéraður með silfurpræði. Stær 24 x 20 cm, fyrir litla mynd ca 6 x 9 cm. Jóla kort til Vigfúsar G. 1959 frá Wolfbrandt með teikn. eftir danskan listamann Falke Bang (1912-1998 kom til Íslands 1947).

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2014	A / 3	2	1908 - 1931		<p>Vegabréf Vigfúsar Guðmundssonar útgefið 1965.</p> <p>Viðskiptabók við Íslandsbanka, innsigluð og í notkun 1908-1931.</p> <p>7 misstórar bækur/kompur með dagbókarfærslum frá feðalögum V.G. erlendis, bæði í Evrópu og Ameríku.</p>
2014	A / 3	3	?	- ?	<p>Minningabók Vigfúsar Guðmundssonar frá Hvanneyri 1912, sem skólafélagar og kennarar skráðu í ljóð og nöfn.</p> <p>Ljósblá stílabók með grein eftir V.G um ferðamennsku o.fl., ódagsett.</p> <p>Blágrá stílabók, merkt Theódór Guðmundsson með nokkrum söngkvæðum og klámvísum aftast.</p>
2014	A / 3	4	?	- ?	<p>Rauðbrún stílabók með skrá yfir send og seld eintök af bókunum Framtíðarlandinu og Æskudögum.</p>
2014	A / 3	5	1922 - 1922		<p>Harðspjaldabók með handskrifaðri húskveðju, líkræðu og 2 minningarljóð um Guðrúnu Björnsdóttur, konu Vigfúsar. Hún var fædd 22.10.1884, dáin 15.3.1922. Aftar í bókinni er húskveðja og líkræða vegna tengdaföður hennar, Guðmundar Eggertssonar Eyri f. 22.3.1857, dáinn 6.4.1922. 2 eintök að auki með líkræðu G. B.</p>
2014	A / 3	6	1922 - 1922		<p>Blásvört stílabók með húskveðju og líkræðu vegna Guðmundar Eggertssonar, þær sömu og í bók í örk 5.</p>

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2019	B / 1	1	1930	1930	Nr. 1. Nýbýlið Bjarg í Borgarnesi um 1930.
2019	B / 1	2	1933	1933	Nr. 2. Hreðavatnsskáli byggður 1933. Mynd af skálanum og nokkrum ökutækjum. Í baksýn eru fjöllin: Hraunsnefsöxl, Baula og Grábrók.
2019	B / 1	3	1946	1946	Nr. 3. Hreðavatnsskáli byggður 1946. Grábrók.
2019	B / 1	4	1946	?	Nr. 4. Vigfús Guðmundsson vert undirbýr að dæla bensíni á bílin M 171 úr BP bensíndælu.
2019	B / 1	5	1938	1938	Nr. 5. Starfsfólk Hreðavatnsskála og Ingólfur Gíslason læknir. Konungskoman 1938. Vigfús Guðmundsson stendur hæstur í dyrunum. Lengst til vinstri er Guðný Bjarnadóttir (1887-1981) frá Hraunsnefi. Önnur frá vinstri er Svava Þorbjarnardóttir, dóttir Guðnýjar. Á húsveggnum er merki um að þar sé landssímastöð.

Afh. ár	Nr.	Örk	Frá ár	Til ár	Efnislýsing
2019	B / 1	6	1940	1940	Nr. 6 Starfsfólk Hreðavatnsskála um 1940. Vigfús Guðmundsson þriðji frá vinstri. Jóhanna Kristjánsdóttir f. 1913, fjórða frá vinstri (mamma (Gauks)).